



Reglur um Esju mótaröð

- miðvikudagsmótaröð GSS 2026.

Mótaröðin samanstendur af 10 stökum mótum sem haldin eru á tímabilinu 1. júní til 1. september. Mótin skulu að jafnaði vera á miðvikudögum, en mótanefnd áskilur sér réttar til að nota aðra daga einnig. Ef ekki tekst að halda 10 mót á tímabilinu s.s. vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna má lengja tímabil um eina viku eða fækka mótum í röðinni og þ.a.l. þeim mótum sem telja til stiga.

Stök mót:

Í hverju stöku móti er keppt í þremur flokkum. Sigurvegari hvers flokks fær verðlaun frá Esju Gæðafæði, gjafabréf fyrir fjögurra manna grillveislu. Flokkarnir eru:

- ❖ punktkeppni með forgjöf konur,
- ❖ punktkeppni með forgjöf karla,
- ❖ opinn flokkur, punktkeppni án forgjafar.

Hámarksforgjöf er 36 öllum flokkum. Ef færri en 3 keppendur eru af öðru hvoru kyni eru karla og kvennaflokkar sameinaðir. Sami einstaklingur getur ekki unnið til verðlauna bæði í punktkeppni með forgjöf og án forgjafar í sama mótinu. Ef slíkt hendir vinnur sá/sú sem er í öðru sæti með forgjöf.

- Ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir í efsta sæti í punktkeppni með forgjöf gildir röð keppenda samkvæmt niðurstöðu reikniforrits GSÍ sem notað er við úrvinnslu punktamóta með forgjöf.
- Ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir í efsta sæti í punktkeppni án forgjafar gildir besta skor á holum 10-18. Ef enn er jafnt gildir besta skor á holum 13-18 og ef enn er jafnt gildir besta skor á holum 16-18 og ef enn er jafnt gildir besta skor á 18. holu, ef enn er jafnt er skorið úr um sigurvegara með því að varpa hlutkesti.

Árangur á mótaröðinni:

Veitt eru verðlaun fyrir besta árangur samanlagt í sömu flokkum og á stökum mótum raðarinnar. Punktkeppni í flokki karla og kvenna með forgjöf og punktkeppni án forgjafar í opnum flokki óháð kyni. Sigurvegari hvers flokks fær verðlaun frá Esju Gæðafæði, gjafabréf fyrir 8-10 manna grillveislu.

Í samanlögðum árangri mótaraðar telja 6 bestu mót keppanda.

- Sami einstaklingur getur ekki unnið til verðlauna í punktkeppni með forgjöf og án forgjafar. Vinningur færist á annað sætið með forgjöf.
- Ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir í punktkeppni með og án forgjafar vinnur sá/sú sem hefur unnið fleiri mót. Ef enn er jafnt gildir hærri meðaltals árangur úr öllum Esju mótum sem viðkomandi hefur tekið þátt í. Ef enn er jafnt er varpað hlutkesti.

Ef ekki tekst að halda nema 8 eða 9 mót, þá telja 5 bestu. Ef mót verða 7 eða færri verða ekki veitt verðlaun fyrir samanlagðan árangur. Komi til þess, verða þeir vinningar dregnir út

sem eftir standa óúthlutaðir eftir sumarið, leikmaður fær þá einn miða í pottinn fyrir hvert mót sem hann tók þátt í.

Besta hola: HÖGGLEIKUR MEÐ FORGJÖF.

Eftir hvert mót getur keppandi valið að skrá 1, 2, 3 eða 4 holur sem „besta hola“. Keppandi þarf að taka þátt í minnst í fimm mótum til að ná að skrá skor á 18 holur. Keppandi merkir á kortið sem staðsett er í sal klúbbhússins. Ekki er leyfilegt að breyta vali á „bestu holu“ eftir að móti hefur verið lokað í kerfi GSÍ eða eftir að leikmaður hefur skráð holur á kortið. Rétt er að áréttta að 1. hola er 1. hola og 10. hola er 10. hola o.s.frv. Sem þýðir að óheimilt er að skrá skor á 1. holu sem skor á 10. holu á skorkortið “Besta hola”.

Mótanefnd áskilur sér rétt til að breyta fyrirkomulagi mótaraðarinnar ef þurfa þykir. Reglur þessar voru settar af mótanefnd árið 2024, uppfærðar 2025.

Mótsgjald 2025

GSS félagar kr. 2000 kr. fyrir hvert stakt mót. Afsláttarkort kr. 17.500 (tíu mót).

Gestir greiða vallargjald samkvæmt gjaldskrá GSS til viðbótar við mótsgjald.

Verðlaun Esju mótaraðar 2025

- ❖ Stök mót: 30x gjafabréf (grillveisla fyrir fjóra) að verðmæti kr. 12.200 í hverjum flokki.
 - ❖ Esju mótaraðar meistari með forgjöf karla og kvenna fær gjafabréf (grillveisla fyrir 8-10 manns) að verðmæti kr. 29.000.
 - ❖ Esju mótaraðar meistari mótaraðarinnar án forgjafar óháð kyni fær gjafabréf (grillveisla fyrir 8-10 manns) að verðmæti kr. 29.000.
 - ❖ Esju mótaraðar Meistari fyrir *Bestu holu* fær gjafabréf (grillveisla fyrir 8-10 manns) að verðmæti kr. 29.000.
- *Sami einstaklingur getur einungis unnið til einna verðlauna sem Esju mótaraðar meistari. Komi sú staða upp skal fyrst forgangsraða meistara mótaraðar án forgjafar óháð kyni, næst meistara mótaraðar með forgjöf karla/kvenna og loks meistara mótaraðar fyrir bestu holu. Útfærist þannig að sé sami einstaklingur efstur í punktakeppni með forgjöf og án forgjafar, hlýtur hann vinning meistari án forgjafar og vinningur með forgjöf færist á annað sætið með forgjöf. Eins ef sami einstaklingur er efstur í punktakeppni með forgjöf karla/kvenna og fyrir bestu holu, hlýtur hann vinning sem meistari mótaraðar karla/kvenna og meistari fyrir bestu holu færist á annað sætið.*